

Segja nýjan formann Geðhjálpar hafa verið réttilega kjörinn

Fjórir stjórnarmenn í Geðhjálpar hafa sent frá sér fréttatilkynningu til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri vegna þess sem þeir segja vera villandi og rangar upplýsingar til fjölmiðla frá fyrrverandi formanni Geðhjálpar. Segja stjórnarmennirnir ljóst að á aðalfundi félagsins í gær hafi verið kjörinn réttilega nýr formaður og nýir stjórnarmenn.

Tilkynning stjórnarmannanna er eftirfarandi:

„Við undirritaðir sem kjörnir vorum í stjórn Geðhjálpar á aðalfundi félagsins 31.mars s.l. viljum vegna villandi og rangra upplýsinga til fjölmiðla frá fyrrverandi formanni félagsins, Eydísi Sveinbjarnardóttur, koma eftirfarandi á framfæri:

Til aðalfundar var boðað á löglegan hátt. Eftir að fráfarandi formaður hafði sett aðalfundinn kl. 14:16 urðu harðar umræður um kosningu fundarstjóra og kjörgengi viðstaddra. Fráfarandi formaður bauð þá þeim fundarmönnum sem ekki voru þegar skráðir félagar að skrá sig og gerði hlé á fundinum á meðan.

Að loknu hléi kvaddi fráfarandi formaður, Eydís Sveinbjarnardóttir, sér hljóðs á ný og sleit fundinum upp á sitt eindæmi án þess að leita eftir álit og/eða vilja fundarmanna á þeirri forsendu að 100 nýir félagar hefðu skráð sig á fundinum og að ársreikningar lægju ekki fyrir fundinum. Hún boðaði síðan framhaldsaðalfund 28. apríl n.k. Að svo búnu yfirgaf hún fundinn, þrátt fyrir hörð mótmæli þorra fundarmanna. Sá hluti stjórnar sem eftir sat tók að sér að stýra áfram settum aðalfundi sem kaus sér fundarstjóra og fundarritara.

Fundurinn ákvað að fresta umfjöllun um skýrslu stjórnar og afgreiðslu reikninga félagsins, enda lágu þeir ekki fyrir aðalfundinum, svo og tillögum til lagabreytiga, ákvörðun félagsgjalds og liðnum önnur mál. Fundurinn kaus síðan nýjan formann, Kristófer Þorleifsson og þrjá nýja stjórnarmenn og endurskoðendur. Fyrir sitja 3 í stjórn skv lögum félagsins.

Sú staðhæfing fyrrverandi formanns, Eydísar Sveinbjarnardóttur, að ekki væri hægt að halda aðalfundi áfram vegna fjölda nýrra félaga og að reikningarnir lægju ekki fyrir er fráleit. Hún hafði áður á fundinum boðið mönnum að skrá sig í félagið og fundurinn var boðaður þrátt fyrir að reikningar félagsins lægju ekki fyrir. Löglega boðuðum og settum aðalfund er ekki hægt að slíta fyrr en að lokinni dagskrá, nema með samþykki fundarmanna. Það

er því ljóst að fundinum var haldið áfram á lögmætan hátt og kaus sér rétti-
lega nýjan formann og nýja stjórnarmenn.

Í ljósi ofanskráðs hörmum við það írafár og rangfærslur sem fram hafa
komið frá fyrrverandi formanni félagsins í fjölmiðlum þar sem hún hefur látið
að því liggja að fundarmenn hafi haft í frammi skríslæti, verið drukknir og
að fundurinn hafi ekki verið settur.

Við undirritaðir stjórnarmenn horfum björtum augum til framtíðarinnar og
erum til samstarfs við alla þá aðila sem bera hag Geðhjálpar fyrir brjósti.

Kristófer Þorleifsson geðlæknir

Baldur Gylfason sálfræðingur

Guðmundur Karl Snæbjörnsson heimilislæknir

Sævar Bjarnason móttökuritari."